

Stjórnarfundur FHB

haldinn í Bændahöllinni 2. sept. 2010 kl. 13.

Mætt: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ólafur Einarsson meðstjórnandi, Magnús Jósefsson ritari og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri FHB, sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fundinn og hóf umræðu um fyrsta mál.

Nú hefur **skráningarskylda á hross** tekið gildi og ekki er lengur hægt að fara með ómerkt hross í sláturhús. Rússlandsmarkaður hefur verið opnaður aftur, m.a. með aðstoð FHB. Ekki er gerð krafa um einstaklingsmerkingu á gripi fyrir þann markað. Verið er að athuga hvort hægt er að fá undanþágu frá merkingarreglugerðinni fyrir Rússlandsmarkað í 1-2 ár þannig að hægt væri að slátra úr stórum ómerktum stóðum. Það yrði þó aldrei nema bráðabirgða ráðstöfun. Folöld eru þó ekki að fara á Rússlandsmarkað og því verða menn að merkja öll hross. Málið í farvegi hjá MAST.

Eins og staðan er núna vantar hross til slátrunar.

Framtíðarsýn LM. Kristinn kynnti skipan nefndar er fjalla á um framtíðarsýn landsmóts. Kristinn mun sitja í nefndinni, en henni er ætlað að skila skýrslu fyrir Landsþing LH í október nk.

Einar Bollason hjá Íshestum kom til fundar og ræddi þjóðgarðsmálin og þá stöðu sem þar er upp komin varðandi lokun reiðleiða. Sagði hestamenn verða að láta í sér heyra, annars yrði þeim ýtt út úr þjóðgördunum. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að halda fornum reiðleiðum opnum og stjórn FHB ætlar að taka málið upp við BÍ.

Einnig var rætt um hestatengda ferðapjónusta og hugsanlega aðild ferðapjónustubænda innan FHB, samþykkt að taka til umræðu á aðalfundi.

Í framhaldinu rætt um markaðsmál og sagði Einar FHB geta komið sterkar að ýmsum sýningum erlendis, þær hefðu tvímælaust mikið gildi.

Einar ræddi einnig um þróun náms sem tengist hestatengdri ferðapjónustu. Það mál þarf að taka upp við Hóla, sú umræða var komin af stað á sínum tíma, sem sérstök braut innan ferðamálanámsins, en einhverra hluta vegna hefur málið ekki þróast áfram. Nauðsynlegt er að þjálfa upp og mennta fagfólk í þessa grein, farastjóra og starfsfólk þar sem tungumálakunnátta, þekking á staðhátum og reiðkennsla kemur saman.

Guðlaugur Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ, kom til fundar. Rætt um verðlaunahafhendingu til ræktunarbús ársins og samþykkt að hún skuli fara fram á hrossaræktarráðstefnu fagraðs. Einnig farið yfir sýningahaldið, vægisbreytingar og þröskulda. Þau mál verða öll kynntar ítarlegar og rædd á hrossaræktarráðstefnunni.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, alþingismaður, var næsti gestur fundarins. Fundarmenn kynntu henni nýtt markaðsverkefni sem vinna er hafin við og felur í sér fjölbreytt kynningarstarf þar sem netherferð í anda „Inspired by Iceland“ er fyrirferðarmest. Einnig rætt um stöðu greinarinnar vegna hestapestar og hvert leita megi eftir stuðningi til að koma greininni til hjálpar.

Að lokum voru sjónarmið hestamanna varðandi þjóðgarðsmálin kynnt og mikilvægi aðgengis hestamanna og ferðapjónustubænda að fornum reiðleiðum og svæðum þar sem hefð er fyrir að

fara ríðandi.

Smitandi hósti í hrossum. Fundarmenn fóru yfir stöðu mála og haustið framundan. Stjórnarmenn sammála um nauðsyn þess að fara í fundarferð um um landið og fræða hestamenn um hvernig taka skuli á veikinni með haustinu og vetrinum framundan. Kristinn hafi samband við Sigríði Björnsdóttur dýralækni hrossasjúkdóma, taki stöðuna og athugi hvaða möguleikar eru á frekari kynningu og fræðslu til handa bændum og hestamönnum.

Kristinn sagði frá vinnu við **Knapamerkin**, en þau eru í uppfærslu núna. Önnur útgáfa væntanleg og efnið að verða tilbúið til þýðingar, en fjármagn vantar til þýðingarinnar.

Hulda kynnti nýtt **markaðsáttak FHB** þar sem áherslan er lögð á svokallaða „viral“ herferð á netinu og notast er við vefmiðla s.s. Youtube, Facebook, twitter ofl. Farið verður í kvikmyndatökur þar sem leitast er við að skapa upplifun knapans á íslenskum hesti með kvikmyndatökum úr hnakknum, frá sjónarhóli knapans. Verkefnið er hafið og fara fyrstu tölur fram nú í september. Einnig felur átakið í sér endurprentun á eldra kynningarefni, auglýsingagerð og þátttöku í kynningarstarfi og sýningum erlendis, auk blaðaskrifa og almennatengslavinnu, innanlands og utan. Vefur félagsins verður einnig virkjaður enn frekar og færður upp á leitarvélum auk þess sem póstlistar verða settir upp og nýttir til kynningar. Félagið vinnur nú að fjármögnun verkefnisins og fer umfang þess eftir því hvernig hún gengur.

Eybór ræddi **söguritun FHB** og hugsanlega ritun sögu útflutnings- og markaðssetningar erlendis. Fundarmenn tóku vel í málið og sögðu nauðsynlegt að halda til haga þessum upplýsingum og verkefnið væri vel til fallið fyrir Sögusetur íslenska hestsins.

Í lokin var rætt um aukinn ferðakostnað og annað tengt starfi formanns og stjórnarmanna. Samþykkt að endurskoða greiðslur fyrir akstur og fundi á nýju starfsári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

HGG/hgg